



## **Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur: Jón Sigurðsson og liberalisminn**

Erindi flutt á vegum Samtaka atvinnulífsins á Akureyri 25. mars 2011 í tilefni af 200 ára afmæli Jóns.

Góðir áheyrendur.

Þegar við hugsum til baka til Jóns Sigurðssonar verðum við að hafa í huga að hann var rétt eins og við í nútímanum maður sem kenndi til í stormum sinnar samtíðar. Hann var upprunninn á Vestfjörðum sem við nú til dags höfum tilhneigingu til að líta á sem nokkuð afskekkt svæði, hvað þá Arnarfjörð þar sem telja má býlin á fingrum annarrar handar og hið agnarsmáa kaupþún Bíldudalur á í vök að verjast. En svo var alls ekki þegar Jón Sigurðsson fæddist. Þá bjuggu á Vestfjörðum rösklega 15% þjóðarinnar, nú eru þeir um 2.3%. Og Arnfirðingar voru þá að ýmsu leyti í fararbroddi annarra landsmanna. Þar var einn af örfáum stöðum þar sem allöflug þilskipaútgærd var hafin og ekki má gleyma því að öll samskipti Vestfirðinga við útlönd fóru þá beint um hafnir þar vestra. Frá Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri og Ísafirði var fiskurinn fluttur beint á Evrópumarkaði og svo var einnig um innflutning, hann kom beint frá útlöndum á Vestfjarðahafnir.

Framsæknir Vestfirðingar fylgdust líka vel með því sem var að gerast í umheiminum. Afi Jóns og alnafni, séra Jón Sigurðsson á Hranfseyri byggði sér nýstárlegan bæ og virðist þar hafa farið eftir fyrirmynd sem kynnt var í Ritum Lærdómslistafélagsins sem fluttu nýjustu strauma í andlegum og veraldlegum efnum frá útlöndum. Ömmubróðir Jóns, Ólafur Olavíus var einn af helstu leiðtogum Upplýsingastefnunnar á Íslandi. Hann var m.a. frumkvöðull að stofnun Hrappseyjarprents sem rauf einokunaraðstöðu kirkjunnar á prentuðu máli á Íslandi. Annar ömmubróðir Jóns, Jón Ólafsson varalögmaður hafði gefið út bækling í Kaupmannahöfn á Struensetímanum þegar ritskoðun var aflétt um tíma í Danmörku og hvatti hann þar til að verslun á Íslandi yrði gefin frjáls. Vitneskjan um þessa framsæknu ömmubræður hefur vafalaust verið ein af ættarfylgjum Jóns Sigurðssonar úr föðurgarði.

Hann var því alls ekki heimóttalegur unglingur úr afskekkttri sveit heldur miklu fremur ungur maður í fremstu röð, opinn fyrir nýjungum og ekki ókunnugur helstu straumum samtíðarinnar.

Segja má með nokkurri einföldun að þrír meginstraumar samtímans á 19. öld hafi einkum mótað hugmyndaheim Jóns Sigurðssonar. Í fyrsta lagi var það Upplýsingastefnan, í öðru lagi Rómantíska stefnan og í þriðja lagi liberalisminn sem var að mörgu leyti afsprengi Upplýsingarstefnunnar og nátengdur henni.

Jón var í heimahúsum á Hrafnseyri við Arnarfjörð allt til 18 ára aldurs og las heima til stúdentsprófs. Þó að ekki séu til skjalfestar heimildir um það má telja víst að á Hrafnseyrarheimilinu hafi Rit Lærdómslistafélagsins sem gefin voru út í 15 bindum á árunum 1781 til 1798 verið til að hluta eða öll. Þau og fleiri rit sem gefin voru út í anda Upplýsingar á Íslandi á svipuðum tíma eru gagnsýrð skynsemishyggju í anda Newtons, Lockes, Montesquieus og Voltaires. Trúin á skynsemi mannsins, svokallaður rationalismi, sveif þar yfir vötnum og menn tóku að trúa því að vísindalegar aðgerðir og skynsemi geti bætt mannfélagið til mikilla muna. Í stað strangleika hins lútherska rétrúnaðar, sem ríkjandi hafði verið um nærfellt tveggja alda skeið á Íslandi, kom með upplýsingunni ákveðin bjartsýni, mannúð og framfarahugur. Meðal annars var þar boðað frelsi einstaklingsins. Rit Lærdómslistafélagsins voru í daglegu tali kölluð Félagsritin og seinna þegar Jón hóf að gefa út sitt eigið tímarit, kallaði hann það Ný félagsrit. Það bendir til þess að hann hafi talið þau framhald hinna fyrri og er það ótvíræður vitnisburður um að þau hafi verið honum mjög hagleikin.

Jón Sigurðsson kom 22 ára gamall til Kaupmannahafnar árið 1833 og einbeitti sér í málfræðinámi og vinnu við margs konar fornfræði næstu ár. Á þessum tíma upp úr júlíbyltingunni 1830 var vaxandi hreyfing uppreisnarmanna í Kaupmannahöfn sem vildu afnema einveldisfyrirkomulagið í danska ríkinu. Í raun og veru var danski konungurinn ekkert ósvipaður einræðisherrum nútímans. Hann hafði, amk að forminu til, öll völd í sínum höndum og taldi sig eingöngu þiggja þau frá Guði. Uppreisnarmennirnir í Kaupmannahöfn voru flestir úr hópi menntamanna og var Garður, þar sem Jón bjó, aðal byltingarhreiðrið. Liberalisminn eða frjálslyndisstefnan annars vegar og nationalisminn eða þjóðernisstefnan hins vegar var það tvennt sem mest mótaði hugi ungra menntamanna eftir að Jón Sigurðsson kom þangað og hafði hvort tveggja afgerandi áhrif á hann. Upp reis í Danmörku öflugur flokkur sem kallaður var national-liberalir. Hann krafðist stofnunar þjóðríkis í Danmörku, afnám einveldis, þingbundinnar stjórnar, mannréttinda svo sem prentfrelsis,

tjáningarfrelsis og afnáms þeirra hamla sem settar voru á atvinnulífið. Jón Sigurðsson var hluti af þessari hreyfingu enda margir af forystumönnum hennar samstúdentar Jóns eða kennarar hans. Jón varð því íslenskur nationalliberal, hluti af sams konar hreyfingu í Danmörku og boðaði sams konar hugmyndir fyrir Ísland og danskir skoðanabræður hans höfðu fyrir Danmörku. Nú til dags er þjóðernishyggja oft tengd einangrunarstefnu en á dögum Jóns var þessu þveröfugt farið. National-liberalir vildu að hver þjóð væri ríki út af fyrir sig en sem minnstar viðskiptahömlur ættu að ríkja milli landa.

Jón Sigurðsson virðist ekki hafa gefið sig mikið að stjórnámum á stúdentsárum sínum. Það er fyrst um 1840 sem stjórnamálaáhugi hans vaknaði svo að um munaði. Og það er athyglisvert að fyrstu beinu afskipti hans af almennum þjóðmálum beindust að versluninni á Íslandi. Þó að einveldi væri enn ríkjandi í löndum Danakonungs eins og áður sagði, mannréttindi alls ekki í heiðri höfð og ströng ritskoðun við lýði var liberalisminn í efnahagsmálum löngu orðið ráðandi viðhorf á æðstu stöðum í Danmörku og það var fyrir áhrif frá Upplýsingastefnunni og frjálslyndu hagfræðingunum á 18. öld með Adam Smith í broddi fylkingar. Á árunum 1818 til 1826 gerðu Danir samninga við Prússland, England, Bandaríkin og Svíþjóð um afnám allra hafta í siglingum milli þessara þjóða. Þetta gildi þó ekki fyrir Ísland. Árið 1838 var svo samþykkt ný tollalöggjöf í Danmörku sem var talin sú frjálslyndasta í Evrópu. Enn var þó við lýði svokallaður Eyrarsundstollur sem innheimtur var af öllum skipum sem sigldu um sundið. En dagar hans voru líka brátt taldir.

Sú hagfræðistefna sem áður hafði verið ríkjandi í Evrópu alveg frá því á 16. öld og langt fram á 18. öld var svokallaður merkantilismi og var einokunarverslunin á Íslandi afurð hans. Merkantilisminn gekk út frá því að heildarauður viðskipta væri óbreytanlegur, þannig að gróði eins hefði óhjákvæmilega í för með sér tap annars. Því ættu ríkisstjórnir að stuðla að sem mestum útflutningi, þegnar ríkisins ættu helst að framleiða allt sjálfir og fullvinna það en flytja sem minnst inn. Að þessu var meðal annars stuðlað með háum vörutollum, þrautskipulagningu á atvinnulífinu, einokun og einkaleyfum.

Kenningar liberalismans sem hagfræðingurinn Adam Smith mótaði á 18. öld gengu þvert á þessar hugmyndir. Smith hélt því meðal annars fram að gróði þyrfti ekki alltaf að vera annars tap. Allir geti grætt á frjálsum viðskiptum, því að í þeim nýttu menn sér ólíka aðstöðu og hæfileika hver annars. Verkaskipting milli einstakra manna og einstakra þjóða væri helsta orsök auðlegðar þeirra. Adam Smith hélt því fram lögmálum framboðs og eftirspurnar, svokölluðum

markaðslögmálum sem óþarfi er að tíuna frekar hér en voru í fullkominni andstöðu við hugmyndir merkantílismans.

Haustið 1840 hófst í fyrsta sinn kennsla í hagfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Kennari var hinn þekkti Adolph Frederik Bergsøe, höfundur *Den danske Stats Statistik* sem kom út í fjórum þykkum bindum á árunum 1844 til 1853. Bergsøe, sem aðhylltist liberalismann í anda Adams Smiths og Ricardo, hefur verið kallaður faðir hagfræðinnar í Danmörku. Þegar hann hóf kennslu við Kaupmannahafnarháskóla 1840 var Jón Sigurðsson meðal fyrstu nemenda hans. Jón var raunar í allt öðru námi við skólann, málfræðinámi, en hafði einmitt á þessu ári fyllst brennandi áhuga á stjórnámum. Í tímum hjá A. F. Bergsøe kynnti Jón sér meðal annars stjórnlagafræði, rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði og hagsögu.

Ekki er vitað um annan Íslending sem fyrr hafði stundað nám í hagfræði og er því hægt kalla Jón fyrsta íslenska hagfræðinginn þó að ekki lyki hann prófi í greininni. Um svipað leyti byrjaði hann að kynna sér rit frjálslyndra hagfræðinga í Evrópu af miklu kappi. Áhugamál hans voru ekki lengur einskorðuð við fornfræði og málfræði eins og verið hafði fram að þessu. Árið 1839 kom út í danskri þýðingu höfuðrit Davids Ricardos, *On the principles of political economy and taxation*, og kynnti Jón sér það en Ricardo var, eins og kunnugt er, lærisveinn Adams Smiths, mikill talsmaður einstaklingshyggju og frjálsrar samkeppni og einn helsti hugmyndafræðingur liberalismans. Ricardo lagði mikla áherslu á sérhæfingu og hann átti stóran þátt í að kerfisbinda hina klassísku frjálslyndu hagfræði. Ritverk ýmissa fleiri lærisveina Adams Smiths voru einnig meðal lesefnis Jóns upp frá þessu og má þar nefna rit eftir Frakkann Jean Babtiste Say, sem talinn var einn af þremur helstu hugmyndafræðingum Manchesterskólans.

Miklar stjórnámahæringar urðu í Danmörku árið 1840 í kjölfar andláts Friðriks VI og valdatöku Kristjáns VIII. Þá urðu raddirnar um fullkomið viðskipta- og atvinnufrelsi enn háværari en áður. Þær komu fram í ritum málsmetandi manna sem áttu eftir að verða valdamiklir í Danmörku, ekki síst national-liberalana. Helsti hagfræðingur Dana, fyrrnefndur A. F. Bergsøe, sendi til dæmis á þessu ári, 1840, frá sér ritið *Om Laugsvæsen og Næringsfrihed* og vildi aflétta hömlum af viðskiptum og atvinnulífi. Liberalisminn í anda Adams Smiths og Manchesterskólans í Englandi fór úr þessu sigurför um Danmörku. Jafnvel ýmsir menn sem voru eindregnir einveldissinnar aðhylltust frjálsa verslun. Gott íslensk dæmi um það var Þórður Sveinbjörnsson, dómstjóri í Landsyfirréttnum í Reykjavík. Hann var einveldissinni af gamla skólanum og

átti eftir að snúast öndverður gegn Jóni Sigurðssyni í sjálfstæðisbaráttuni. En hugmyndir Þórðar um verslun voru ótrúlega frjálslegar. Hann var að rífast um verslunarmál í bréfi til Gríms Jónssonar bæjarfógeta í Middelfart sumarið 1840 og hélt þar stíft fram lögmáli framboðs og eftirspurnar sem hann sagði að ætti að ráða. Þar voru þeir Jón Sigurðsson skoðanabræður þó að þeir væru algerlega ósammála í sjálfstæðisbaráttuni.

Síðar átti Jón eftir að leggja grunn að íslenskri sögu, ekki síst hagsögu, og stjórnarsýslu með því að safna gögnum og skjölum, gefa þau út og skýra. Sér þess stað í stórvirkjum eins og *Íslensku fornbréfasafni*, *Lovsamling for Island*, *Safni til sögu Íslands*, *Skýrslum um landshagi á Íslandi* og *Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands*. Með þessu útgáfustarfi sínu veitti hann öllum opinn aðgang að gögnum um sögu Íslands sem var lykilatriði í sjálfstæðisbaráttunni og í anda nútímalegra lýðræðislegra stjórnarhátta um opna stjórnarsýslu.

Ef litið er á hugmyndir Jóns Sigurðssonar um íslenskt atvinnulíf skína alls staðar í gegn hugmyndir liberalismans. Í einkabréfi árið 1866 sagði hann:

„Þú heldur að einhver svelgi okkur. Látum þá alla svelgja okkur í þeim skilningi, að þeir eigi við okkur kaup og viðskipti. Frelsið er ekki fólgið í því að lifa einn og sér og eiga ekki viðskipti við neinn... Frelsið kemur að vísu mest hjá manni sjálfum, en ekkert frelsi sem snertir mannfélagið kemur fram nema í viðskiptum, og þau eru því nauðsynleg til frelsis.“

Þó að andi liberalismans hefði blásið í Danmörku allt frá því um 1785 og meðal annars leitt til afnáms einokunarverslunar á Íslandi var langt í frá að Ísland nyti sama réttar og Danir sjálfir í verslunarmálum. Verslun á Íslandi var enn á því Herrans ári 1840 eingöngu leyfð þegnum Danakonungs, ekki mátti flytja vöru með útlendum skipum og miklar hömlur voru lagðar á verslun utan fastra kaupstaða. Eins og áður sagði var niðurstaðan sú að danskir kaupmenn voru nær einráðir um verslunina mestalla 19. öld, líkt og verið hafði á dögum einokunarinnar. Að vísu var nokkur samkeppni þeirra í milli í stærstu kaupstöðunum, einkum í Reykjavík. Erlendum þjóðum var hins vegar ekki leyft að versla á Íslandi og Íslendingum sjálfum hafði ekki tekist að hasla sér völl í verslun í sínu eigin heimalandi svo að nokkru næmi. Dönsku kaupmennirnir á Íslandi óttuðust breytingar á þessu fyrirkomulagi og snerust gegn breytingum í frjálsræðisátt á Íslandi þó að flestir þeirra teldu að frjáls verslun ætti að gilda sem almenn regla í Danmörku. Þeir héldu því fram að markaðurinn á Íslandi væri svo lítill að verslunin þar þyldi ekki frelsi. Einnig heyrðust þau sjónarmið að verslun á Íslandi mundi lenda í höndum útlendra þjóða, ef hún yrði gefin laus, og að Danmörk gæti þá ekki haldið Íslandi til lengdar.

Jón Sigurðsson hafði, 18 ára gamall, staðið einn vetur sem búðarþjónn í verslun P. C. Knudtzons, kaupmanns í Reykjavík, og var því vel kunnugur dönsku versluninni á Íslandi. Knudtzon þessi var einn af umsvifamestu kaupmönnum á Íslandi og þekktur maður í Kaupmannahöfn, hann var þingmaður á stéttapöngum, borgarfulltrúi þar og áhrifamaður í Grósserafélaginu. Hann fyllti flokk national-liberala og var því afstaða hans mjög tvíbent. Skoðanir hans á verslun á Íslandi voru greinilega litaðar af einokunaraðstöðu hans sjálfs á Íslandi og eigin hagsmunum.

Vorið 1840 birtist grein eftir Íslending í blaðinu *Kjøbenhavnposten* með ádeilu á dönsku kaupmennina á Íslandi sem varð til þess að P. C. Knudtzon og annar völdugur Íslandskaupmaður, J. A. Wulff í fyrirtækinu Ørum og Wulff gripu til andsvara. Um þetta leyti lá Jón Sigurðsson veikur um hálfis árs skeið í herbergi sem hann hafði á leigu í Klausturstræti í Kaupmannahöfn. Ritdeilan varð til þess að hann tók sig til og skrifaði sína fyrstu blaðgrein á ævinni. Henni var beint gegn fyrrverandi húsbónda hans, P. C. Knudtzon og birtist í þremur hlutum í júní í blaðinu *Kjøbenhavnposten*.

Til þess að hnykkja enn betur á skrifaði hann enn grein sem birtist í *Kjøbenhavnsposten* dagana 4. – 5. ágúst 1840 og nefndist *Bør Islands Handel frigives?* Og það var liberalisminn og nationalisminn sem liggur honum mest á hjarta. Í upphafi greinarinnar sagði hann að verslun fyrir hvert land sé jafn mikilvæg og andardrátturinn fyrir manneskjuna og nú sé sá tími runninn upp að hver þjóð fengi að anda eins frjálst og hin frjálsa náttúra Guðs leyfi. Hann rakti síðan hvernig ófrelsið í verslun Íslendinga hafi hálfkæft þjóðina og ekki leyft henni að njóta auðæfa sinna sem hann taldi umtalsverð. Hann spurði hvort Íslendingar ætti ekki að hafa sama rétt og jafnvel hinn aumasti hólmi í sjálfri Danmörku.

Jón Sigurðsson var því þegar árið 1840 kominn á þá skoðun að mestu varðaði fyrir Ísland að verslun þar yrði gefin algerlega frjáls. Allar þjóðir ættu að geta verslað hvar sem er á Íslandi og sem minnsta tolla og aðrar hömlur ættu að leggja á hana. Í ritgerð sinni um verslunarfrelsi árið 1843 skilgreindi hann eðli verslunarinnar og sagði að það fælist í að „einn maður eða eitt land vill leggja af við annað af gæðum sínum og fá aftur í staðinn það sem það æskir af því sem hitt hefur aflögu“. Þarna er hann í raun og veru að tala um sérhæfinguna. Hann sagði að tilgangur verslunar væri að fá sem besta vöru með sem bestu verði og því væri mikilvægt að kaupa hana án milliliða af þeim aðila sem best væri fær um að framleiða hana eftir gæðum síns lands og þeirri kunnáttu á framleiðslu

sem þar ríkti. Því frjálssari sem verslunin væri yrði hún landinu hagsælli. Jón sagði ennfremur:

„En jafnframt og beðið er um verslunarfrelsi, þurfa landsmenn og að leggjast á eitt að afla sér þekkingar á verslunarmálefnum svo þeir geti vitað hag sinn og fengið skynbragð á að sjá hvað við tekur og hvers þeir þurfa að gæta, því ekki er neinum að vænta, að steiktar krásir fljúgi í munn hinum sofanda, þó verslunin verði laus. Atorku, sparsemi og kunnáttu þarf alls staðar og á öllum tímum ef vel á að fara, en því framar sem fleiri sækja að og keppast á, og því betur sem þeir eru menntaðir, sem við mann keppa.“

Í *Hugvekju til Íslendinga*, frægustu ritgerð Jóns sem hann skrifaði á byltingarárinu 1848, segir hann:

“...það er auðsætt að þegar allur vöruþilbúningur [þ. e. framleiðsla] er ætlaður til hagnaðar öðrum, þá er öll verslun það líka og með henni allir atvinnuvegir, því hún er undirstaða þeirra allra.”

Jón var þeirrar skoðunar að vöruvöndun í einstökum framleiðslugreinum væri háð því að samkeppni ríkti í verslun og að hún væri frjál. Á Íslandi var hins vegar landlæg andúð á verslun. Íslenskir bændur orðuðu hana við prang og pretti og töldu kaupmenn jafnan sitja á svikráðum við sig. Það að flestir kaupmenn væru danskir á 19.öld, kunnu lítið í íslensku og bjuggu yfirleitt í Kaupmannahöfn ýtti undir þessa andúð. Eftir að heildsalan fluttist til landsins snemma á 20.öld yfirfærðu margir Íslendingar þessa andúð á heildsalana. Enn þann dag í dag heyrast þau sjónarmið að undirstöðu atvinnuvegirirnir séu eingöngu landbúnaður og sjávarútvegur og kannski er það viðurkennt með nokkrum semingi að iðnað megi einnig flokka þannig. Verslun, einkum heildverslun, var hins vegar álitin milliliðastarfsemi, allt að því óþörf, sem margir höfðu horn í síðu til og hafa jafnvel enn.

Eftir 1840 rak hvern atburðinn annan í lífi Jóns Sigurðssonar. Á næsta ári stofnaði Jón ásamt 12 félögum sínum tímaritið *Ný félagsrit* og var það einkum til að berjast fyrir þremur málum, í fyrsta lagi endurreisn alþingis, í öðru lagi umbótum á skólamálum á Íslandi og í þriðja lagi og ekki síst fyrir alfrjálstri verslun sem varð eins og rauður þráður í baráttu hans næstu ár.

Meginuppistaðan í þriðja árgangi *Nýrra félagsrita* árið 1843 var löng ritgerð eftir Jón Sigurðsson er hann nefndi *Um verzlun á Íslandi*. Þar komu vel fram frjálsslynd viðhorf hans til verslunar. Um þetta leyti fór hann líka að safna upplýsingum um verslunarhætti á Íslandi fyrr og síðar með skipulegum hætti. Hann lá í gömlum skjölum í Ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn og bað vini

sína á Íslandi að senda sér gögn. Um skeið hafði hann mikinn áhuga á skrifa hagsögu Íslands.

Aldrei varð þó úr að Jón Sigurðsson gæfi út þjóðhagfræði sem hann nefndi reyndar þjóðbústjórnarfræði. En svo mikils var hann orðinn metinn sem hagfræðingur í Danmörku að hann var orðaður sem eftirmaður Bergsøes sem forstöðumaður Hagstofu Danmerkur er Bergsøe andaðist árið 1854. Framganga Jóns í sjálfstæðisbaráttunni mun helst hafa komið í veg fyrir það.

Þess skal getið að Jón vildi að hinir fátæku Íslendingar mynduðu með sér félög um verslun til þess að þeir gætu keppt við rötgróna og ríka danska kaupmenn. Slík félög urðu einum að veruleika og náðu árangri á Norðurlandi með Félagsversluninni við Húnaflóa og Gránufélaginu við Eyjafjörð.

Á árunum 1853 og 1854 var íslenskt verslunarfrelsi til umræðu á danska þinginu og mun Jón Sigurðsson hafa beitt áhrifum sínum á einstaka þingmenn bak við tjöldin enda var hann nákunnugur þeim mörgum og sumir voru gamlir skólabræður hans eis og áður sagði. Einveldið var nú úr sögunni með samþykkt dönsku grundvallarlaganna 1849. Jón Sigurðsson var einmitt einn af þingmönnum sem hafði setið grundvallarlagabingið og hafði þá haft daglegt samneyti við danska þingmenn heilan vetur. Var frumvarp um verslunarfrelsi fyrir Ísland að lokum samþykkt og gekk í gildi árið 1855. Með því var verslun á Íslandi gefin frjáls öllum þjóðum. Þetta var fyrsti stóri áfanginn í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og var hann ekki síst að þakka baráttu Jóns.

Eftir að verslunarfrelsi við allar þjóðir var fengið vildi Jón Sigurðsson opna Ísland sem mest fyrir útlendum þjóðum. Hann stuðlaði að fremsta megni að því að Íslendingar næðu verslunarsamböndum við nágrannalönd eins og Bretland og Noreg og kaupmenn frá þessum löndum versluðu á Íslandi.

Eitt besta dæmið um það hvernig hann vildi opna landið fyrir erlendu fjármagni og erlendum atvinnuumsvifum var beiðni Frakka um mikla fiskveiðistöð í Dýrafirði árið 1855, gert var ráð fyrir að hún gæti tekið við afla af 4-500 frönskum skútum og að 4-600 manns ynnu við fiskvinnslu og þjónustu í landi. Frakkar vildu ljá máls á því að fella niður tolla af íslenskum fiski í Frakklandi ef fallist væri á beiðni þeirra. En Íslendingum leist ekki vel á að fá svo stóra franska stöð inn í landið, allra síst á Vestfjörðum. Þeir voru skíthræddir við þetta og Alþingi 1855 tók tómlega í málið. Í neðanmálgrein í Nýjum félagsritum árið eftir, en Jón sat ekki þingið 1855, átaldi hann Alþingi fyrir að hafa ekki tekið ákveðna afstöðu til málsins og sagði að það væri auðsætt hvílíkt gagn það yrði fyrir Ísland ef innflutningstollur á íslenskum fiski yðri lækkaður eða aftekinn í Frakklandi. Þar talaði líberalistinn Jón Sigurðsson, ekki neinn

þjóðernislegur einagnrunarsinni sem hann var aldrei. Hann vildi að beiðni Frakka yrði tekinn til alvarlegrar athugunar því að í henni gæti falist ávinningur fyrir Íslendinga.

Nýfengið verslunarfrelsi var Jóni mjög hugleikið og honum var mest í mun að erlendar þjóðir kæmu með verslun og fjármagn inn í hið fjármagnssnauða Íslands, þar sem engir bankar eða sparisjóðir voru til. Aðrir Íslendingar, þar á meðal ýmsir af nánustu samherjum Jóns, voru allt annarrar skoðunar. Jón Guðmundsson ritstjóri Þjóðólfs taldi til dæmis að íslenskum sjávarútvegi gæti verið hætta búin af fiskverkunarstöð frakka og þjóðerninu ”mesti háski búinn af nýlendu frá jafn öflugri og ófyrirleitinni þjóð sem Frakkar eru”, eins og hann orðaði það.

Jón Sigurðsson kom ekki mikið fram opinberlega þessu máli, það voru pólitísk hyggindi hans, flestir kjósendur hans og samherjar voru á öndverðu máli við hann. En 1856 birtist nafnlaus grein í Fædrelandet, málgagn national-liberala í Kaupmannahöfn, sem talið er víst að Jón Sigurðsson sé höfundur að. Í henni var talin lítil hætta á franskri ásælni á Íslandi en hvatt var til að landið yrði opnað hverjum sem vildi og af hvaða þjóðerni sem væri til verslunar eða annarra umsvifa svo fremi ekki væri um hernaðarleg umsvif að ræða og starfsemin samræmdist lögum.

Þessi viðhorf ættu okkur að verða til umhugsunar nú þegar við minnumst 200 ára afmælis sjálfstæðishetjunnar Jóns Sigurðssonar.